

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1058/2009, um endurgreiðslu sjúkratrygginga á kostnaði vegna þjónustu sérfræðinga í tannréttingum sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglugerðarinnar:

1. 1. mgr. orðast svo:

Endurgreiðsla sjúkratrygginga samkvæmt reglugerð þessari tekur til kostnaðar vegna tannréttinga barna og ungmenna, annarra en tannréttinga vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, sbr. 5. gr.

2. Orðin „nema þegar um er að ræða skarð í efri tannboga eða harða gómi sbr. 1. mgr. 5. gr.“ í 2. mgr. falla brott.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Endurgreiðsla sjúkratrygginga samkvæmt reglugerð þessari tekur til tannréttinga barna og ungmenna annarra en lækisfræðilega nauðsynlegra tannréttinga vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa. Skilyrði er að meðferð með föstum tækjum hafi hafist fyrir 18 ára aldur viðkomandi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 2. mgr. 38. gr., sbr. 20. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðisráðuneytinu, 5. mars 2010.

Álfheiður Ingadóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.